

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. júní 2021 í máli nr. 108/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 9. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst þess að greiðslukrafa varnaraðila verði lækkuð í samræmi við gallann. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfum, dags. 12. október 2020 og 26. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 16. apríl 2021. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 23. apríl 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, beiðni um tilboð í verkið f.h. sóknaraðila til varnaraðila, dags. 13. júlí 2018, tilboð varnaraðila í verkið, myndir af framkvæmd verksins, samantekt sóknaraðila á málsatvikum, teikningar af fasteigninni, leiðbeiningar um uppsetningu klæðningarinnar, reikningar varnaraðila vegna verksins, að fjárhæð 2.669.199 krónur, dags. 30. september 2019, að fjárhæð 5.754.600 krónur dags 12. ágúst 2019 og að fjárhæð 1.961.801 krónur dags 18. ágúst 2020, staðfesting á greiðslum sóknaraðila til varnaraðila fyrir þjónustuna, að fjárhæð 2.754.600 krónur þann 15. ágúst 2019, að fjárhæð 2.699.199 krónur þann 7. október 2019 að fjárhæð og að fjárhæð 3.000.000 krónur þann 7. október 2019, svo og tilboð frá fyrirtækinu [...], dags. 2. október 2020, sem sóknaraðili aflaði við mat á kostnaði við úrbætur, að fjárhæð 1.345.100 krónur.

Með bréfi, dags. 4. maí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að óskað var eftir tilboði varnaraðila við framkvæmdir á ytra byrði fasteignar í eigu sóknaraðila og eiginmanns hennar að [...] í Reykjavík. Verkið fólst í endurklæðningu fasteignarinnar með álplötum ásamt einangrun hennar að utan með slétt álímdri 2mm áklæðningu. Áður en leitað var tilboðs í verkið var búið að fjarlægja allan múr og plasteinangrun sem var á fasteigninni áður vegna sprunguskemmda og leka að ofan. Sóknaraðili hafði fengið ráðleggingar um framkvæmd verksins frá [...], húsasmíðameistara og tæknifræðingi sem óskaði eftir tilboði í verkið fyrir hönd sóknaraðila og eiginmanns hennar. Meðfylgjandi beiðni um tilboð voru einnig teikningar frá [...] arkitekt varðandi útlit og frágang m.a. á flasningum á þaki

fasteignarinnar, við glugga og við út- og innhorn og vatnsbrettum. Í kvörtun kemur fram að arkitekt hafi verið fenginn til verksins til að finna út besta útlit fasteignarinnar þar sem notast yrði sem mest við plötur í fullri stærð, þ.e. 1,5m x 3m. Sóknaraðili tók tilboði varnaraðila í verkið sem var alls að fjárhæð 9.635.600 krónur, þar af 4.336.020 krónur fyrir vinnu á verkstað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla vegna frágangs og vinnubragða. Bendir sóknaraðili á að frágangur á vatnsbrettum undir háum gluggum á fasteigninni sé ábótavant þar sem skortur er á vatnshalla, hallinn er 0 til 3 ° en á að sögn sóknaraðila að vera a.m.k. 14°eða 24%. Sóknaraðili bendir einnig á að skurð sé að finna víða á plötum eins og eftir sög, hnífsblað eða slípirokk, í röngum lengdum, þannig klæðningin standi út fyrir á sumum stöðum sem geti valdið tjóni, auk þess að þær beinu línur sem eru við glugga séu mjög frjálsglegar. Sóknaraðili segir að vatnsbretti innan við neðri klæðningu séu með þeim hætti að leki berst á bakvið klæðninguna í stað þess að yfirfella í samræmi við teikningar arkitektsins og teikningar framleiðanda álplattanna. Að sögn sóknaraðila sagði undirverktaki varnaraðila að sóknaraðili og eiginmaður hennar hefðu óskað eftir að verkið yrði unnið með þessum hætti en að svona væri „aldrei gert“. Þá segir sóknaraðili að nokkrar plötur séu með skellum þannig álið blasi við í hvítum plötunum auk þess að nokkur horn séu skemmd eftir að hafa rekist í við meðhöndlun. Sóknaraðili segir að a.m.k. ein plata, til hægri við borðstofu fasteignarinnar, sé ekki límd á öllum leiðurum. Þá séu álpynnur, sem settar eru í lóðrétt plötuskil, lítið límdar og heyrast flautuhljóð í vindi „eins og í neðri röddum pípuorgels“. Sóknaraðili telur að frágangur á horni við eldhús, við aðkomu að fasteigninni, sé slæmur. Þá kveðst sóknaraðili hafa áhyggjur af því ryðtaumar muni með tímanum leka niður klæðninguna að utan vegna þess að undirflasningar úr húðuðu blikki voru settar undir flasningar á þaki fasteignarinnar.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir úrbótum af hálfu varnaraðila en hann hafi ekki talið að um galla væri að ræða á verkinu. Hefur sóknaraðili því ekki greitt seinasta reikning varðaraðila að fjárhæð 1.961.801 krónur. Kveðst sóknaraðili hafa fengið tilboð í úrbætur á verkinu frá fyrirtækinu [...] að fjárhæð 1.345.100 krónur, sem geti þó hækkað ef ekki er unnt að nýta það efni sem þarf að taka af aftur. Kveðst sóknaraðili hafa boðið varnaraðila að lækka greiðslukröfu sína sem tilboðinu nemur gegn því að greiddar verði eftirstöðvar að fjárhæð 616.701 krónur og sóknaraðili beri umframkostnað ef til fellur, en varnaraðili hafi ekki fallist á það. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína í samræmi við áætlaðan úrbótakostnað að fjárhæð 1.345.100 krónur.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að verkið hafi verið unnið í samræmi við beiðni sóknaraðila og arkitekts um að hafa álplötturnar eins stórar og hægt væri þannig að eins lítið væri um samskeyti og mögulegt væri. Þar af leiðandi hafi þurft að saga úr plötunum fyrir gluggum á sumum stöðum, þar sem glugginn kemur inn í plötuna, því ekki hafi verið unnt að skera úr plötunum að fullu í vélunum sem notaðar eru til að forma klæðninguna af blikksmíðameistara. Þar sem skorið er í málm geta komið hvassir endar og kveðst varnaraðili hafa farið yfir þetta með sóknaraðila og eiginmanni hennar auk þess að pússa niður með þjöl alla enda sem þeim hafi fundist vera hvassir.

Varnaraðili bendir á að klæðning sé eingöngu veðurkápa en ekki vatnsvörn og vísar til leiðbeininga framleiðanda álplattanna. Fasteign verði þar af leiðandi að halda vatni áður en hún er klædd. Að sögn varnaraðila fer um 90% af gluggaflasningum undir klæðningu af þeim sökum og athugasemdir um að brotið snúi ekki rétt sé bara spurning

um aðferð við verkið og útlit. Varnaraðili bendir á teikningar sem lagðar eru fram með andsvörunum þar sem klæðning gengur undir og vatn gæti komist á bakvið. Það er hins vegar í lagi að sögn varnaraðila þar sem klæðningin sé hönnuð til loftræstingar og með 25 til 40 mm loftrými milli klæðningar og einangrunar, svo og sígötuðu músaneti að netan, svo loft og vatn komist auðveldlega inn og út.

Varnaraðili bendir á að leki í glugga fasteignarinnar komi verkinu ekki við þar sem fasteign verði að halda vatni áður en hún er klædd. Klæðning komi ekki í veg fyrir leka á gluggum eða þaki. Þá kveðst varnaraðili hafa fjarlæggt einhverjar plötur sem var sannað að hefðu mögulega rispast í blikksmiðju eða við flutning að fasteign sóknaraðila. Var þeim plötum skipt út eftir uppgjörsfund milli sóknaraðila og varnaraðila þar sem farið var yfir verkið og þær athugasemdir sem sóknaraðili hefði um verkið. Kveðst varnaraðili hafa fært eindaga reikningsins um 20 daga að beiðni sóknaraðila og látið smíða ný botnstykki á alla glugga sem færu yfir plötur, sóknaraðila að kostnaðarlausu til að ljúka málinu að umræddum 20 dögum liðnum. Varnaraðili bendir á að plöturnar hafi verið geymdar í bílskúr sóknaraðila á meðan vinna verksins tafðist og segir varnaraðili að búið hafi verið að færa plöturnar þegar verkinu var haldið áfram. Rispur á plötunum hafi getað orðið við þá tilfærslu og að auki hefðu rispurnar getað komið til eftir að verkinu var lokið.

Varnaraðili segir að flasning á hornglugga hafi verið unnin eins vel og unnt var miðað við aðstæður. Hornglugginn sjálfur sé samsettur úr tveimur gluggum og smávægilegur hæðarmunur hafi verið á hæð glugganna eða um 3 til 5 mm. Flasningin elti undir glugganum og því myndist skekkja í klæðningunni af þeim sökum.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila bendir sóknaraðili á að aldrei hafi verið véfengt að taka þurfi úr plötunum fyrir gluggum sumstaðar í klæðningunni. Hinsvegar séu margar leiðir að því að taka þann skurð, t.d. fræsari, vatnsskurður, laserskurður, véllokar eða slípirokkur. Ef það er gert með slípirokk sé þörf á að eftirvinna skurðinn til að fá beinar og hreinar línur og taka af þau bit sem myndist. Það þurfi að gera áður en platan er sett á sinn stað og límd föst. Þá bendir sóknaraðili á að ekki sé bara spurning um aðferð og útlit varðandi það að brotið snúi ekki rétt, þar sem frágangurinn sem hafði verið teiknaður af arkitekt hafi ekki verið framkvæmdur. Allar teikningar, hvort sem er frá [...], framleiðanda platnanna, eða frá arkitekt, sýni að vatnsbrettin skuli yfirlappa undirplötturnar, þ.e. séu með innbroti sem vatnsbrettin koma í. Algjör óþarfi sé að veita vatni viljandi inn í vegginn þegar auðvelt sé að koma í veg fyrir það. Sóknaraðili bendir á að klæðningin sé veðurkápa, þar á meðal regnhlíf en ekki bara vindhlíf, enda flokkist rigning til veðurs. Vísar sóknaraðili í því sambandi til ákvæðis 6.3.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 þar sem segir að veðurkápa byggingar skuli standast álagskröfur vegna umhverfisþátta, s.s. vindálags, regns, snjóálags, salts og sólar. Fasteignin þurfi að halda vatni líkt og varnaraðili bendi á og hafi verið farið yfir það með varnaraðila að þéttingar við glugga, hurðir og skyggni yrði bættar ef þörf væri á. Enda hafi leki áður komið upp í fasteigninni sem væri ástæða þess að sóknaraðili samdi við varnaraðila um verkið. Undirverktaki varnaraðila hafi farið með slípirokk í kringum gluggana, slípað upp þær þéttingar sem þar voru fyrir og sett „þéttlímband“ í sárið áður en fasteignin var klædd.

Sóknaraðili telur ljóst að frágangur á vatnsbrettum undir stóru gluggunum, sem annað hvort séu lárétt eða halli upp að fasteigninni, hafi ekki verið líkt og um var samið. Vatnsbretti eiga að sögn sóknaraðila að snúa frá fasteigninni til að vatn falli frá í stað þess að vindur geti blásið vatni inn að veggjum, yfir plasteinangrunina og smitað inn í fasteignina undir gluggunum. Ef sá hluti sem fer undir gluggann hefði verið límdur þar eða

settur í hald, líkt og hafði verið teiknað, myndi blástur ekki koma vatni þar undir að mati sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að þau nýju botnstykki sem varnaraðili nefni í andsvörum sínum, hafi verið lausn, að tillögu sóknaraðila, til að lagfæra þann óreglulega skurð og frágang sem hafi verið undir efri gluggum. Varnaraðili hafi afhent þau og sagt að sóknaraðila bæri að setja þau upp. Eftir standi allir stóru gluggarnir sem ná að gólfi og inngangar, með lárétt eða aðhallandi vatnsbretti, svo og frágangurinn í kringum gluggana þar sem slípirokkur var notaður. Sóknaraðili segir að álplötur hafi verið í bílskúrnum yfir veturinn en líttill umgangur hafi verið um þær. Þá segir sóknaraðili að hæðarmunur á glugga, sem sóknaraðili telur nær 1 til 2 mm, afsaki ekki fráganginn.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við klæðningu fasteignarinnar [...] í Reykjavík. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Í þjónustunni fólst klæðning fasteignarinnar að utanverðu með 2 mm álplötum af stærðinni 1,5 m x 3 m. Tilboð varnaraðila í verkið var alls að fjárhæð 9.635.600 krónur. Sóknaraðili hefur greitt alla útgefna reikninga frá varnaraðila nema einn að fjárhæð 1.961.801 krónur sem enn er ógreiddur. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína, og þar með lækka hinn ógreidda reikning, sökum galla á þjónustunni. Miðar sóknaraðili kröfu sína um lækkun reikningsins við framlagt kostnaðarmat frá fyrirtækinu [...] við endurbætur á þeim annmörkum sem sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin. Kostnaðarmatið er að fjárhæð 1.345.100 krónur og miðar við vinnukostnað en efniskostnaður er þar undanskilinn. Í kröfu sóknaraðila felst að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila 616.701 krónur af eftirstandandi greiðslukröfu varnaraðila í stað 1.961.801 krónum. Varnaraðili telur að verkið sé ekki haldið galla, búið sé að bæta úr þeim annmörkum sem sóknaraðili hafi bent á og því beri að hafna kröfu sóknaraðila.

Mælt er fyrir um galla á þjónustu í 9. gr. þkpl. Ákvæðið er svohljóðandi:

„9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.“

Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að seld þjónusta sé haldin galla þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til neytandans. Athugasemdir sóknaraðila við þjónustu varnaraðila eru í átta liðum sem hér verða raktir hver fyrir sig.

Sóknaraðili telur í fyrsta lagi að frágangur á vatnsbrettum undir öllum háu gluggum fasteignarinnar sé haldinn galla þar sem vatnsbrettin séu án vatnshalla. Bendir sóknaraðili á að hallinn sé um 0° til 3° en eigi að vera a.m.k. 14° eða 24°. Í framlögðu tilboði frá [...] er kostnaður við þann hluta verksins áætlaður 653.000 krónur. Í þeim hluta felst endurnýjun allra vatnsbretta hjá „gólf síðum“ gluggum og hurðum nema í anddyri, alls tíu. Í matinu felst vinnukostnaður við að fjarlægja vatnsbrettin og koma fyrir nýjum vatnsbrettum sem eru með meiri halla.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um vinnu verksins með álplötum frá [...] og á grundvelli teikninga frá arkitekt sem sóknaraðili hafði leitað til fyrir upphaf verksins. Í teikningu arkitektsins er að finna mynd af frágangi vatnsbretta á fasteigninni, sem er sambærileg þeirri mynd sem finna má af frágangi vatnsbretta í leiðbeiningum frá [...]. Ekki liggur fyrir hver hallinn á nákvæmlega að vera á vatnsbrettum en ljóst er af leiðbeiningunum og teikningunni frá arkitekt að vatnsbrettin skuli halla þannig vatn renni niður í stað þess að safnast saman á vatnsbrettinu. Af þeim myndum sem liggja fyrir í málinu má sjá að vatn rennur hins vegar ekki niður vatnsbrettin fyrir neðan umrædda glugga vegna lítils halla heldur safnast þar saman. Er halli vatnsbrettanna enginn á sumum stöðum en mjög takmarkaður á öðrum stöðum. Er halli vatnsbretta á stóru gluggum fasteignarinnar því ekki í samræmi við samning málsaðila og þau gögn sem lágu þar að baki. Var þjónusta varnaraðila haldin galla að því leyti, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Sóknaraðili telur í öðru lagi að skurður sé víða óeðlilega beittur á plötum og ekki í réttum lengdum. Geti slíkur frágangur valdið hættu á meiðslum auk þess sem línur á skurðum við glugga séu ekki beinar.

Í 6. lið kostnaðarmatsins frá [...] er kostnaður við að stytta klæðningu hjá bílskúrshurð um 6 til 9 mm áætlaður 60.800 krónur. Fallist er á það með sóknaraðila að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla vegna frágangs á klæðningu við bílskúrshurð fasteignarinnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl. Annmarkar á skurðum og línunum eru að öðru leyti ekki hluti af tilboðinu frá [...] og liggur nákvæmt umfang þeirra ekki fyrir í málgögnum.

Sóknaraðili telur í þriðja lagi að frágangi á vatnsbrettum, innan við neðri klæðningu, sé ábótavant í öllum öðrum gluggum en þeim „gólf síðu“, þ.e. í eldhúsi, bílskúr, herbergi og gestasalerni. Frágangurinn sé þess eðlis að vatn geti borist bakvið klæðninguna í stað þess

að „yfirfella“ líkt og í teikningum frá arkitekt sóknaraðila og í teikningum frá framleiðanda álplatnanna. Vinna við lagfæringu vatnsbretta í þeim gluggum fellur undir lið 1 til 4 í tilboðinu frá [...] þar sem tilgreind er vinna við að „beygja brot“ í efri hluta klæðningarinnar við þá glugga. Kostnaður vegna vinnu við að endurnýja vatnsbretti glugga í bílskúr, herbergi og gestasalerni er metinn að fjárhæð 343.400 krónur í kostnaðarmatinu frá [...]. Kostnaður vegna vinnu við endurnýjun vatnsbrettis í eldhúsglugga er tiltekinn, ásamt kostnaði við lagfæringu á horni undir glugganum, alls að fjárhæð 287.900 krónur.

Mælt er fyrir um varnir gegn rakabéttingu í ákvæði 10.5.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Þar segir í 1. mgr. að byggingarhlutar skuli þannig hannaðir og frágengnir að þeir geti ekki orðið fyrir skemmdum vegna uppsafnaðrar rakabéttingar. Þá segir í 2. mgr. að útveggjaklæðningar bygginga skuli loftaðar til að raki lokist ekki inni bak við þær og einnig til að tryggja að vatnsdræg klæðningarefni þorni nægjanlega hratt til að draga úr skemmdum. Mælt er fyrir um að loftbil bak við klæðningu skuli vera að lágmarki 20 mm og loftunin inn í bilið skal vera nægjanleg og tryggt að meindýr komist ekki á bakvið klæðninguna.

Í framangreindum leiðbeiningum frá [...] kemur fram að utanhússklæðningar séu veðurkápur sem sjaldnast eru vatnsheldar og því verði að huga vel að loftun. Ekki liggur annað fyrir en að loftun sé nægilega tryggð bak við klæðninguna. Sjá má af myndum í leiðbeiningunum að vatnsbretti undir gluggum skuli þannig frágengin að þau falli yfir klæðninguna. Vatnsbrettin falla hins vegar undir neðri klæðningu á fasteigninni undir framangreindum gluggum. Vatnshalli á umþrættum gluggum virðist almennt í lagi við skoðun málgagna og berst vatn því niður vatnsbrettið. Þaðan á vatnið, vegna frágangs á broti samskeytanna, greiðan aðgang undir klæðninguna í stað þess að aðgengi vatns sé takmarkað líkt og frekast er unnt. Þrátt fyrir að fasteignin sé vatnsheld undir állklæðningunni er ekki unnt að fallast á að vatn megi berast óhindrað undir klæðninguna, vegna frágangs sem er í ósamræmi við leiðbeiningar framleiðanda og samning málsaðila. Verður einnig til þess að líta að einangrunin utan á fasteigninni, sem er undir klæðningunni, getur misst gildi sitt ef hún blotnar mikið. Er því fallist á það með sóknaraðila að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla að því leyti, sbr. 1. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Í fjórða lagi bendir sóknaraðili á að skemmdir sé víða að finna í álplötum þeim sem eru á fasteigninni. Álið blasi sumstaðar við undir hvítum plötunum og auk þess séu nokkur horn skemmd eftir uppsetningu platnanna og skurð með slípirokki. Varnaraðili hefur skipt um nokkrar plötur sem orðið höfðu fyrir skemmdum en ekki liggur fyrir hvað stendur eftir. Í fimmta lagi bendir sóknaraðili á að ein plata, til hægri við borðstofu, sé ekki límd á öllum leiðurum og í sjötta lagi bendir sóknaraðili á að þær álþynnur, sem settar eru í lóðrétt plötuskil, séu illa límdar. Virki þær í vindi sem fjaðrir þannig að flaut berist frá þeim í vindi.

Krafa sóknaraðila í málinu miðar við tilboðið frá [...] en kostnaður við úrbætur framangreindra atriða er ekki að finna í tilboðinu. Þá liggur nákvæmt umfang þeirra ekki fyrir þannig unnt sé að slá því föstu að um galla sé að ræða í skilningi 9. gr. þkpl. og að hvaða leyti.

Í sjöunda lagi bendir sóknaraðili á að frágangur á horni við eldhús sé slæmur. Fellur þetta atriði undir hluta af lið 1. í kostnaðarmatinu frá [...] um að endurnýja efri hluta horns undir glugga. Er þetta kostnaður við vinnuna en að efniskostnaði undanskildum og metinn, ásamt því að endurnýja vatnsbrettið í eldhúsglugganum og beygja brot í efri hluta klæðningar, alls 287.900 krónur.

Í áður nefndum leiðbeiningum frá fyrirtækinu [...] segir að notast skuli „við álplötur sem eru mældar út, klipptar og beygðar hjá viðurkenndri blikksmiðju“. Sóknaraðili hefur í málsgögnum bent á að skurður á horni vatnsbrettis undir eldhúsglugga hafi verið gerður með slípirokk og margar tilraunir hafi verið gerðar til úrbóta en án árangurs. Sjá má á þeim myndum sem liggja fyrir í málinu að umþrætt horn er þannig frágengið að það gapir vegna ójafns skurðar þannig mismunandi bil er milli álplatnanna þar sem þar mætast í horninu. Þrátt fyrir að almennt megi gera ráð fyrir einhverjum skekkjumörkum við framkvæmd slíkra verka er fallist á það með sóknaraðila að umþrættur frágangur sé þess eðlis að um galla sé að ræða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Í áttunda lagi bendir sóknaraðili á að undirflasningar úr húðuðu blikki hafi verið settar undir flasningar á þaki fasteignarinnar. Telur sóknaraðili líklegt að blikkið muni ryðga með tímanum og ryðtaumar leka niður klæðninguna að utan.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem sýnir fram á að rangt efni hafi verið notað til verksins eða ófagleg vinnubrögð sem geti leitt til þess að ryðtaumar muni á endanum leka niður klæðninguna. Þá verður ekki séð að annmarkar hafi þegar komið ljós af þeim sökum. Ekki er því unnt að fallast á að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla að því leyti. Úrbætur þess efnis eru ekki hluti af tilboðinu frá [...] og þar með ekki hluti af kröfu sóknaraðila í máli þessu.

Líta verður á kröfu sóknaraðila sem kröfu um afslátt í skilningi 13. gr. þkpl. Samkvæmt ákvæðinu getur neytandi krafist afsláttar af verði þjónustunnar ef þjónustan er haldin galla og skal afslátturinn svara til gallans. Endurgjald vegna þjónustunnar lækkar þá hlutfallslega með hliðsjón af umfangi gallans og skal afsláttur miða við það hvers virði þjónustan er fyrir neytandann eftir að hún hefur verið innt af hendi. Ekki verður séð að úrbótaréttur seljanda, sbr. 16. gr. þkpl., komi í veg fyrir afsláttakröfu sóknaraðila enda hafa fullnægjandi úrbætur ekki farið fram af hálfu varnaraðila þrátt fyrir kröfu sóknaraðila þess efnis.

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við fyrirbyggjandi kostnaðarmat frá [...] vegna vinnu við úrbætur á þeim göllum sem fallist hefur verið á að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin. Verður ekki annað séð en að um eðlilegt kostnaðarmat sé að ræða með hliðsjón af umfangi verksins og hefðbundnum kostnaði úrbætur á þeim göllum sem þjónustan var haldin að undanskildum efniskostnaði. Kostnaðarmatið er að fjárhæð 1.345.100 krónur og miðar líkt og að framan hefur verið rakið við kostnað vegna vinnu við úrbætur á frágangi vatnsbrettis fyrir neðan eldhúsglugga, á horni vatnsbrettis fyrir neðan eldhúsglugga, úrbóta á frágangi vatnsbrettis neðan við glugga í bílskúr, herbergi og á gestasalerni, úrbætur á frágangi vatnsbretta á stórum eða „gólfsíðum“ gluggum og hurðum, að undanskilinni hurð í anddyri, svo og að stytta áklæðningu hjá bílskúrshurð.

Þjónusta varnaraðila kemur sóknaraðila ekki að notum að því leyti sem úrbætur þurfa að fara fram á framangreindum verkþáttum. Er því fallist á það með sóknaraðila að varnaraðila beri að lækka greiðslukröfu sína til samræmis við umfang þeirra galla sem þjónustan var haldin og sýnt hefur verið fram á með kostnaðarmatinu, að fjárhæð 1.345.100 krónur.

V

Úrskurðarorð

Sóknaraðili, X, á rétt á afslætti sem nemur 1.345.100 krónum, af reikningi nr. 368, útg. af varnaraðila, Y. Sóknaraðili skal greiða varnaraðila 616.701 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson